

# Fréttabréf Sjálfstæðisflokksins

17. maí 2024

D



## Aldrei verið betra að búa á Íslandi. Viðtal við Bjarna í Þjóðmálum

Bjarni Benediktsson formaður Sjálfstæðisflokksins og forsætisráðherra er gestur í nýjasta þætti Þjóðmála. Þar ræðir Bjarni stjórnarsamstarfið og svarar því hvers vegna rétt hafi verið að halda stjórnarsamstarfinu áfram. Hann segir að árið 2024 sé besta lífskjaraár Íslandssögunnar. Bjarni ræðir auk þess helstu áherslumálin á þessu þingi og segir að frumvarp til breytinga á útlendingalöggjöfinni verði klárað. Þá kveðst hann bjartsýnn á að aðstæður skapist til vaxtalækkana á árinu og svarar gagnrýni á að þátttaka flokksins í ríkisstjórn sé á kostnað hugmyndafræði og stefnumála flokksins.

[Þjóðmál í heild sinni](#)

[Frétt á xd.is](#)



## Skapar stöðugleika á pólitíska sviðinu

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir varaformaður Sjálfstæðisflokksins og utanríkisráðherra ávarpaði í vikunni málþing í Háskóla Íslands í tilefni af 75 ára afmæli Atlandshafsbandalagsins. Þar sagði hún að þegar friði væri ógnað í Evrópu komi það okkur við og að þegar komi að því að leggja fram okkar þátt í stuðningi eigum við ekki að spyrja fyrst hvað henti okkur sjálfum best, heldur hvort við getum lagt fram eitthvað af því sem brýnust þörf er á. Hún sagði bandalagið ekki bara snúast um að telja skriðdreka og freygátur og tilgangur þess sé ekki einungis að verja bandalagsríkin – Atlantshafsbandalagið sé einnig pólitískt bandalag lýðræðisríkja sem skapi stöðugleika á pólitíska sviðinu.

[Frétt á xd.is](#)



## Mynstur gjafagjörninga

Hildur Björnsdóttir oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn Reykjavíkur ritar grein í Morgunblaðið í gær. Þar fjallar hún um umdeilda samninga Reykjavíkurborgar við

ólúfélögin. Leggur hún áherslu á að fullrúar Sjálfstæðisflokksins ekki hafa samþykkt samningana á neinu stigi málsins. Tillaga um úttekt innri endurskoðunar á samningunum hafi verið felld af meirihlutanum vorið 2022. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafi á dögnum endurflutt þá tillögu og að borgarmeirihlutinn hafi þá ekki átt annarra kosta vöð en að samþykkja úttektina. Hún segir samningana við ólúfélögin ekki einsdæmi. Hægt er að lesa grein Hildar í heild sinni hér fyrir neðan.

Grein Hildar Björnsdóttur

## Styrktu flokkinn!

Stjórnmalaflokkar verða ekki reknir á hugsjóninni einni. Stjórnmalabaráttan kostar beinhardt peninga en stjórnmalasamtök hafa afar takmörkuð tækifæri til tekjuöflunar. Sjálfstæðisflokkurinn nýtur þess, umfram aðra íslenska stjórnmalaflokka, að vera breiður og fjölmennur flokkur þar sem tugþúsundir einstaklinga um allt land leggja sitt af mörkum. Hjá sjálfstæðisflokknum munar mestu um framlög flokksmanna sjálfra.

Gerast styrktarmaður!

Styrktu flokkinn!



Sjálfstæðisflokkurinn

Háaleitisbraut 1  
105 Reykjavík  
Iceland

Eyrirvari

Tölvupóstur þessi er sendur skráðum félagsmönnum í samræmi við ákvæði laga nr. 162/2006 um starfsemi stjórnmalasamtaka. Vinsamlegast athugið að tölvupóstur þessi og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á. Pósturinn er sendur út af póstlista Sjálfstæðisflokksins.

Viltu ekki fá póst eins og þennan? Þú getur afskráð þig með því að fara á [xd.is](http://xd.is) - mínar síður.

